

TILKYNNING UM ÖRYGGISBREST TIL PERSÓNUVERNDAR

1. Upplýsingar um tilkynnanda

Nafn fyrirtækis: Langanesbyggð

Kennitala: 420369-1749

Atvinnugrein: Sveitarfélag

Tengiliður: Bjarnheiður Jónsdóttir, skrifstofustjóri/staðgengill sveitarstjóra

Tilkynning þessi er send Persónuvernd þann 23. desember 2024, Reykjavík.

2. Um atvik máls

2.1 Lýstu öryggisbrestinum

Sveitarfélagið fékk tilkynningu frá vinnsluaðila, Wise lausnum ehf., þann 22. desember 2024, þar sem upplýst var að þann 20. desember hefði vinnsluaðili orðið var við að fjandsamleg árás hafði verið gerð á fyrirtækið og árársaðili náð að komast inn í umhverfi Wise.

Í gegnum aðgang að umhverfi Wise komst árársaðili inn í tilgreind kerfi Wise þar sem finna má persónugreinanlegar upplýsingar.

Rannsókn brestsins stendur enn yfir og hefur Wise fengið öryggisfyrirtækið Syndis ehf. til liðs við sig.

2.2 Liggja fyrir upplýsingar um hvaða aðilar eru ábyrgir fyrir og / eða áttu þátt í öryggisbrestinum?

Ekki að svo stöddu.

2.3 Hvers vegna varð öryggisbresturinn, að mati ábyrgðaraðila?

Fjandsamleg árás af hálfu utanaðkomandi aðila.

2.4 Eðli brestsins

Innbrot í kerfi.

2.5 Hvernig varð ábyrgðaraðili fyrst var við öryggisbrestinn?

Vinnsluaðili gerði ábyrgðaraðila viðvart um öryggisbrestinn.

2.6 Hversu mikil áhætta stafar af þessum öryggisbresti að mati ábyrgðaraðila?

Veruleg áhætta. Ábyrgðaraðili bíður þó enn eftir frekari upplýsingum frá vinnsluaðila og hefur ekki tök á að leggja endanlegt mat á áhættu á þessu stigi. Þó er gengið út frá því að áhættan geti verið veruleg, en það ræðst þó fyrst og fremst af umfangi hvað varðar ábyrgðaraðila, þ.e. hvaða upplýsingar eru undir í brestinum og umfang skráðra aðila.

2.7 Tegundir persónuupplýsinga sem öryggisbresturinn varðar

Ábyrgðaraðili bíður enn eftir frekari upplýsingum frá vinnsluaðila til að geta lagt mat á það hvaða persónuupplýsingar sem ábyrgðaraðili er ábyrgur fyrir eru undir í brestinum.

Samkvæmt upplýsingum frá vinnsluaðila varðar bresturinn í heild sinni (óháð ábyrgðaraðila sem slíkum) eftirfarandi upplýsingar:

- Nöfn
- Fæðingardagar
- Heimilisföng
- Kennitölur
- Tengiliðaupplýsingar
- Auðkennisupplýsingar
- Fjárhagsupplýsingar
- Reikningsnúmer
- Notendanöfn og/eða lykilorð
- Netföng
- Upplýsingar um þjóðernislegan uppruna eða kynþátt
- Stéttarfélagsaðild

Enn er þó verið að rannsaka brestinn og því liggur ekki fyrir hvort bresturinn kann að hafa áhrif á frekari upplýsingar. Ofangreind upptalning tekur einungis mið af þeim persónuupplýsingum sem grunur leikur á að hafi verið undir í brestinum.

2.8 Flokkar hinna skráðu

Ábyrgðaraðili bíður enn eftir frekari upplýsingum frá vinnsluaðila til að geta lagt mat á það hvaða flokkar skráðra aðila eru undir í brestinum, hvað ábyrgðaraðila varðar.

Samkvæmt upplýsingum frá vinnsluaðila varðar bresturinn í heild sinni (óháð ábyrgðaraðila sem slíkum) eftirfarandi flokka skráðra einstaklinga:

- Starfsfólk
- Notendur
- Viðskiptavinir/skjólstæðingar
- Börn og unglingar

Þessi tilgreining tekur þó einungis mið af þeim flokkum skráðra einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið undir í brestinum.

2.9-2.10 Fjöldi hinna skráðu

Það liggur ekki fyrir.

2.11 Afleiðingar

Líklegar afleiðingar fyrir hina skráðu felast í töpuðum yfirráðum yfir persónuupplýsingum. Ekki er hægt að útiloka aðrar afleiðingar, en ábyrgðaraðili mun upplýsa Persónuvernd um þær þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um brestinn.

2.12 Hefur öryggisbresturinn veruleg áhrif á hagsmuni út fyrir landamæri Íslands?

Það er ekki vitað.

3. Tímalína

Ábyrgðaraðili fékk tilkynningu um öryggisbrestinn þann 22. desember 2024, að kvöldi til.

Það liggja ekki fyrir að svo stöddu upplýsingar um upphaf og/eða lok öryggisbrests.

Tilkynningin er send innan 72 klst. frá því að ábyrgðaraðili varð var við brestinn.

4. Öryggisráðstafanir

4.1 Lýsing á þeim öryggisráðstöfunum sem voru viðhafðar í aðdraganda öryggisbrests sem hefðu mögulega getað komið fyrir eða takmarkað umfang öryggisbrests

Ábyrgðaraðili hefur ekki upplýsingar um þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar voru í aðdraganda brestsins sem hefðu mögulega getað komið fyrir eða takmarkað umfang öryggisbrestsins.

4.2 Hefur verið gripið til ráðstafana til að draga úr áhrifum öryggisbrestsins?

Já. Samkvæmt upplýsingum frá vinnsluaðila hefur þegar verið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- Öryggisfyrirtækið Syndis var fengið til að meta umfang árásar.
- Lokað hefur verið á snertifleti árásaraðila í umhverfum Wise.
- Verið er að endurstilla lykilorð allra notenda ásamt frekari öryggisráðstöfunum út frá ráðgjöf Syndis.

4.3 Hafa þeir einstaklingar sem öryggisbresturinn hefur áhrif á verið upplýstir?

Nei, en það má gera ráð fyrir að þeir verði upplýstir.

5. Að lokum

Nánari upplýsingar varða veittar eftir framvindu rannsóknar.